



1. útgáfa 15.02.2019

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	TAP Snittolía sprej 400 ml		
Vörunúmer:	6345 M250604		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Snittolía í úðabrusa. Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
1.3 Söluaðili:	N1	Framleiðandi:	Molyslip
	Dalvegur 10-14		Northbank Ind. Park, Irlam
	201 Kópavogur		Manchester M44 5EG Bretland
Sími:	4401000		00-44-161-804-4700
Netfang:	n1@n1.is		compliance@molyslip.co.uk
Veffang:	www.n1.is		www.molyslip.co.uk
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlinan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:	Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
	H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðaeefni 1
	H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr. 1
	H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1
	H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
	H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
	H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 2
2.2 Merkingaratriði:	Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
Hættumerki			
Viðvörðunarorð	HÆTTA		
Hættusetningar	H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum	
	H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	
	H315	Veldur húðertingu	
	H336	Getur valdið sljóleika eða svima	
	H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.	
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.	
	P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.	
	P251	Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir.	
	P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.	
	P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.	
	P271	Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.	
	P273	Forðist losun út í umhverfið.	
	P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughnlfífar/andlitshlífar.	

P302+P352	BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P312	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið lækni.
P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
P391	Safnið upp því sem hellist niður.
P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.
P405	Geymist á læstum stað.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
P501	Fargið innihaldi/iláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Sprengihætta við upphitun.

Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.

(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Á ekki við

3.2 Blöndur:

Jarðolíugös, fljótandi			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	30 - 60
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	270-704-2	H-setningar	-
CAS	68476-85-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf. loftt. - H220, Loftt.u.prýst. - H280			

N-Heptan			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - 30
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-866-1	H-setningar	-
CAS	75-37-6	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökví 2 - H225, Eit.v. ásvelg. 1 - H304, Húðert. 2 - H315, SEM-VES 3 - H336, Bráð eit.á vatn 1 - H400, Langv.eit.á vatn 1 - H410			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er á ástandi hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt. Leitið lækni eða eitrunarmiðstöðvar verði vart við svima eða ógleði, og missi sjúklingur meðvitund. Forðist váhrif við hjálparstörf.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega.
Snerting við augu	Skolið strax með miklu vatni í nokkrar mín. og haldið augum vel opnum. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun.
Inntaka	Leitið lækni. Framkallið EKKI uppköst nema að lækni ráði. Kasti hinn slasaði upp, haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu. Skolið munn. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Til hjálparliða	Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun	Getur valdið höfuðverk, svima, skorti á áttun, bælingu miðtaugakerfis, sljóleika, ógleði, uppköstum, vímuáhrifum.
Snerting við húð	Getur valdið ertingu.
Snerting við augu	Getur valdið augnertingu.
Inntaka	Ertung í öndunarvegi, ásvelgingarhætta við inntöku og uppköst.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, veljið eftir aðstæðum, kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Forðist notkun vatns, það getur dreift eldi við slökkvistörf.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Niðurbrotsefni eru m.a. kolmónoxíð og koldíoxíð.
Eldfimt úðaefti. Við bruna geta myndast eitrafar og daunillar gufur. Gufa er þyngri en andrúmsloft og getur borist með gólfi eða jörð að íkveikjuvaldi. Umbúðir geta sprungið við hitun. Sjá einnig lið 10.
Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað (EN 469). Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Aðhafist ekkert nema viðeigandi þjálfun sé til staðar. Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa sé það unnt. Gangið ekki í losuðu efni. Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá liði 5 og 8. Vinnið vindmegin við mengað svæði. Snúið ílát þannig að lekastaður vísi upp.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu, með byggingu varnargarða.
Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Stöðvið leka sé það unnt án áhættu.
Notið ísogsefni svo sem sand eða jarðveg. Setjið í þar til gerð vel merkt og lukt ílát og ílát og fargið sbr. 13.lið. Athugið að notað ísogsefni hefur sömu hættur í för með sér og varan sjálf.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.
Geymið fjarri beinu sólarljósi, háu hitastigi (>50°C), eld- og neistagjöfum.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Jarðolíugös, fljótandi (úði)		1750		2180	WEL
N-Heptan	500				WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

N-Heptan					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	2085	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	300	mg/kg/lik.p/dag
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,03	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,03	mg/l
Umhverfi	Jarðvegur		DNEL	4,4	mg/kg þurrefni

Rapsolía - oxuð					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	49	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	69,4	mg/kg/lik.p/dag
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	10	mg/l

Metýlesterar af ómettuðum (C-18) fitusýrum C16-C18					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	6,96	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	10	mg/kg/lik.p/dag
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	2,504	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,205	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	520	mg/l
Umhverfi	Vatn, losun af og til		PNEC	25,04	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað (EN 689). Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Notið viðeigandi, efnapolna hlífðarhanska t.d. úr nitrílgúmmí. Ýmsir þættir, t.d. hitastig, geta haft áhrif á endingartíma hanska. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna (EN 374, EN 420).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska.

Húð - annað

Öndunarfæri

Mælt er með notkun langgerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir við miðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu með síu fyrir lífrænar gufur (EN 14387, EN 136, EN 140).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Einkennandi
Blossamark:	<-60°C
Vatnsleysni:	Óleysanlegt

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Getur hvarfast við oxara.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafir. Ekki skal skera í, bora, sjóða, slípa eða gata umbúðir.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Niðurbrotsefni eru m.a. kolmónoxíð og koldíoxíð.

Eldfimt úðaefni. Við bruna geta myndast eittraðar og daunillar gufur. Gufa er þyngri en andrúmsloft og getur borist með gólfi eða jörð að íkveikjuvaldi. Umbúðir geta sprungið við hitun. Sjá einnig lið 10.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirbyggjandi gögnum.
Húðerting/æting	Veldur húðertingu.
Alvarlegur augnskaði	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirbyggjandi gögnum.
Næming húð/öndunarfarfi	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirbyggjandi gögnum.
Stökkbreytingar kímfruma	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirbyggjandi gögnum.
Krabbamein	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirbyggjandi gögnum.
Stökkbreytingar	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirbyggjandi gögnum.
Eitrun æxlunarfæra	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirbyggjandi gögnum.
Áhrif á marklíffæri (eitt skipti)	Getur valdið sljóleika eða svima (áhrif á miðtaugakerfi)
Ásvelgingarhætta	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
Innöndun	Getur valdið höfuðverk, svima, skorti á áttun, bælingu miðtaugakerfis, sljóleika, ógleði, uppköstum, vímuáhrifum.
Snerting við húð	Getur valdið ertingu.
Snerting við augu	Getur valdið augnertingu.
Inntaka	Ertung í öndunarvegi, ásvelgingarhætta við inntöku og uppköst.
Annað:	Einkennum getur seinkað um allmargar klukkustundir.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

12.2 Þrávirgni og niðurbrot: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Varan er rokgjörn og gufar hratt upp.

12.5 PBT/vPvB: Flokkast ekki sem slíkt.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll. Geymið tómar umbúðir fjarri eldi og neistagjöfum.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:
UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
Pökkunarflokkur: -
Hættuundirflokkur: 5F
Jarðgangaflokkun: D
Mengunarhætta: Nei

Varúðarmerking



IMDG:
UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
EmS: F-D, S-U
Pökkunarflokkur: -
Mengunarhætta: Nei



IATA:
UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur: 2.1
Pökkunarflokkur: -



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1 / 15.02.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **MOLYSLIP**
SAFETY DATA SHEET
MOLYSLIP TAP CHLORINE FREE SPRAY

Útgáfa: 21.11.2017 Endurskoðun 3